

HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2017, mánudaginn 29.maí kl. 16.00 var haldinn 153. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis við Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson formaður, Sandra Berg Cepero, Bjarni Jónsson, Kristín Elfa Guðnadóttir, Elín Engilbertsdóttir og Sigurður Þórðarson. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Lilja Sigrún Jónsdóttir formaður Íbúasamtaka Laugardals, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri þekkingarstöðvar PLH sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um tónleika Secret Solstice í Laugardal í júní. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra íþróttar- og tómstundasviðs, dags. 23.maí 2017.

Ómar Einarsson sviðsstjóri íþróttar- og tómstundasviðs og Guðmundur Vigni Óskarsson, verkefnastjóri leyfisveitinga borgarlands taka sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Fram fer umræða um verkefnið Hverfið mitt.

Unnur Margrét Arnardóttir, Róbert Eyjólfsson, Jökull Jónsson og Þórólfur Jónsson starfsmenn verkefnisins taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 16.51 Bjarni Jónsson tekur sæti á fundinum.
3. Fram fer umræða um framkvæmdir við innkeyrslu og bílastæði við leikskólann Steinhlíð sem stefnt er að því að ljúki í júlí.
 4. Lagt fram erindi frá umhverfis –og skipulagssviði, dags. 27. apríl 2017, um Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 vegna breytinga á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
 5. Fram fer umræða um skemmdarverk í Laugardal og aðgerðir sem gripið hefur verið til.
 - Kl. 17.26 Elín Engilbertsdóttir yfirgefur fundinn
 6. Fram fer umræða um tilnefningar til Fegrunarviðurkenninga.
 7. Lagðar fram þrjár umsóknir um styrk úr hverfissjóði
Samþykkt að veita Foreldraþorpiinu styrk að upphæð kr. 120.000, Laugarnes á ljúfum nótum styrk að upphæð kr. 45.000 og 10 ára í tjaldi styrk að upphæð kr. 80.000.

Heiðar Ingi vék af fundi undir þessum lið

Fundi slitið kl. 17.45

Heiðar Ingi Svansson

Bjarni Jónsson
Kristín Elfa Guðnadóttir

Sandra Berg Cepero
Elín Engilbertsdóttir